



Goðafoss

FEBK sumarferðir 2020

Hálendishringur 28. - 30. júlí

Lagt verður af stað frá skrifstofu FEBK í Gullsmára kl. 9.00 þriðjudaginn 28. Júlí. Ekið um Suðurlandsveg á Sprengisandsleið í Nýjadal með viðkomu í Árnesi. Snæddur er léttur hádegisverður við Hrauneyjafossvirkjun. Þaðan er ekið norður að Mýri með viðkomu við Aldeyjarfoss. Síðan er farið um Bárðardalsveg til Akureyrar með viðkomu við Goðafoss. Gisting á Hótel Kjarnalundi með kvöldverði og morgunverði.

Lagt af stað frá Akureyri kl.10.00 á miðvikudagsmorgni til Siglufjarðar með viðkomu á Dalvík. Eftir súpu og brauð á Rauðku er ekið um Strákagöng til Sauðárkróks með viðkomu á Hofsósi þar sem kaffi og pönnukökur eru á boðstólum. Á Sauðárkróki er gist 29.07 á Hótel Miklagarði og þar snæddur kvöldverður og morgunmatur.

Lagt er af stað kl.9.00 á fimmtudeginum og ekinn þjóðvegurinn áleiðis suður en beygt inn á Kjalveg og stoppað við Blönduvirkjun. Síðan er haldið til Hveravalla þar sem áð verður og snædd súpa og brauð. Áfram er haldið að Gullfossi og þaðan í Kópavog. Komið í Gullsmárann um kvöldmatarleytið.

Verð 51.000 kr miðað við gistingu í 2ja manna herbergi.

Aukagjald fyrir einn í herbergi er 13.000 kr. Aukagjald fyrir utanfélagsmann er 3.000 kr. Innifalið í verði: hálendisrúta frá Teiti Jónassyni, leiðsögn Helga Ágústssonar, hótelgisting í 2 nætur, 2 kvöldverðir og morgunverðir, léttur hádegisverður í 3 daga.

Vinsamlega skráið ykkur sem fyrst á lista sem liggja frammi í félagsmiðstöðvunum. Ein rúta og því hámarksfjöldi, fyrstur kemur - fyrstur fær.

Ferðanefnd FEBK